

Sautjándi fundur nefndar. Haldinn í Austurstræti 8 (nefndarsviði Alþingis), dags. 11.09.2019.
Fundur hófst kl. 11:35.

Fundinn sátu: Óli Halldórsson (formaður), Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Andri Thorsson, Hanna Katrín Friðriksson, Vilhjálmur Árnason, Dagbjört Jónsdóttir, Valtýr Valtýsson, Steinar Kaldal.

Gestir: Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Land Lögmönnum og Björgvin Valdimarsson frá skrifstofu fjármála og rekstur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (UAR).

Fjarverandi: Halldóra Mogensen, Bergþór Ólason og Inga Sæland.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Kynning – Fjármögnun þjóðgarðs

Björgvin Valdimarsson hélt stutta kynningu. Fór hann yfir það fjármagn sem fer úr ríkissjóði í rekstur náttúruverndarsvæða á miðhálandinu og það sem áætlað er að fari til þessara mála samkvæmt fjármálaáætlun. Einnig fór hann yfir þær sértekjur sem verða til á svæðunum. Þá voru einnig kynntar forsendur fyrir stofnkostnaði við innviði þjóðgarðs með rauntölum úr nýlegum útboðum á uppbyggingu þjónustumiðstöðva þjóðgarða.

Nefndin ræddi um rekstur og stofnkostnað, sem og fjármögnun þjóðgarðs, m.a. út frá fyrrgreindum forsendum.

Fjármögnun: Nefndin ræddi fjármögnun út frá þeirri forsendu að grunnrekstur þjóðgarðs byggðist á rekstrarframlagi úr ríkissjóði. Nefndin var þó sammála um að í miðhálandisþjóðgarði ætti að gera ráð fyrir gjaldtöku fyrir veitta þjónustu, t.d. í formi bílastæðagjalda. Ekki ætti þó að gera ráð fyrir almennri gjaldtöku án skilgreindrar þjónustu, s.s. aðgangseyri við innganga þjóðgarðsins eða álíka.

Rekstur: Í umræðum nefndarinnar um rekstur miðhálandisþjóðgarðs var m.a. farið yfir áform úr fjármálaáætlunar um aukið fé til málaflokksins. Fram kom í umræðum nefndar að horfa mætti til vaxandi hlutfalls sértekna í núverandi þjóðgördum, en þó væri ljóst að miðhálandisþjóðgarður úrheimti verulegar fjárveitingar umfram það sem fer í dag til friðlýstra svæða á hálandinu. Í því samhengi taldi nefndin að til staðar þyrfti að vera skilgreint fjármagn/mótframlög sem þjóðgarðurinn hefði yfir að ráða sem nýtt væri í samstarfsverkefnum við t.d. sveitarfélög, einkaaðila og félög þjónustu/uppbyggingu/nýsköpun í þjóðgarðinum og við jaðra hans. Þá var líka rætt um nauðsyn þess í tengslum við skilgreint fjármagn til ýmis verkefna að ljóst væri hvaða þjónusta væri til staðar nú þegar á miðhálandinu og hvaða aðilar veittu hana.

Stofnkostnaður

miðstöðva: Nefndin fór yfir kostnað við uppbyggingu þjóðgarðsgátta/-miðstöðva. Rætt um að taka saman fyrir næsta fund yfirlit fjölda mögulegra þjónustugátta innan hvers rekstrarsvæðis. Þá yrði að skoða stofnkostnað í samhengi við möguleika á samstarfsverkefnum við uppbyggingu (sbr. að framan).

Stofnkostnaður

samgöngur: Í umræðu nefndar kom fram það mat að nauðsynlegt væri að stofnun þjóðgarðs fylgdu úrbætur í samgöngum, t.a.m. við meginleiðir inn á hálendið. Í því samhengi var m.a. rædd sú hugmynd að koma á fót einhvers konar kerfi við fjármögnun samgöngubóta í þjóðgarðinum með sérstökum mótframlögum sem stjórn þjóðgarðsins hefði yfir að ráða. Einnig rætt mikilvægi þess að hugsa þetta í tengslum við samgönguáætlun.

Í umræðum um miðstöðvar og samgöngubætur var líka nefnt að ekki mætti búa til óraunhæfar væntingar. Ræða þyrfti almennt um þessi mál í texta, þó með því að draga fram meginlínur um aðkomuleiðir inn í þjóðgarðinn, án þess að fara ofan í staka vegi. Jafnframt þyrfti það að koma skýrt fram að verkefni tækju tíma að raungerast.

2. Drög að frumvarpi

Nefndin ræddi um áherslur sínar inn í lagafrumvarp. Fyrir fundinum lágu efnisatriði sem tekin höfðu verið saman í minnisblaði og samantekt með efni lagafrumvarps í júlí og ágústmánuðum. Helstu efnisatriði sem nefndin ræddi voru þessi:

Stjórn og

svæðisráð: Nefndin ræddi mikilvægi þess að dreifstýring lægi til grundvallar stjórnkerfi þjóðgarðsins, eins og áður hefur komið fram í textadrögum hennar, með stjórn sem æðsta ákvörðunarvald og skýru valdi sveitarfélaga og hagaðila.

Í því samhengi var rætt um að kosti þess að stjórn yrði dreifð með aukinni þátttöku hagaðila frá því sem þekkt hefur til þessa við stjórn þjóðgarða á Íslandi. Einnig komu fram í umræðu hugmyndir um aukið vægi fulltrúa sveitarstjórna, t.d. með því að sveitarfélög tilnefndu ein atkvæðisbærra fulltrúa í svæðisráð.

Í þessu samhengi var einnig sjálfstæði svæðisráða rætt með hliðsjón af einföldun verkefna stjórnar, þ.e.a.s. að styrkur svæðisráða til ákvarðana innan síns svæðis væri mikilvægur en á sama tíma þyrfti þá að einfalda og skilgreina betur verkefni stjórnar.

Nefndin ræddi nauðsyn þess að í lögum um miðhálendisþjóðgarð yrði sett að í svæðisráðum sætu kjörnir sveitarstjórnarfulltúrar eða sveitarstjórar.

Rætt var um að starfsmenn þjóðgarðsins sætu ekki sem fulltrúar í umdæmisráði eða stjórn heldur yrði hlutverk þeirra í vinnu fyrir ráðin/stjórn skilgreint í lögum, þ.m.t. undirbúningur og úrvinnsla mála sem ráðin/stjórn hafa til umfjöllunar.

Nefndin taldi að mikilvægt væri að draga fram í lögum og skýra vel hvaða verkefni væru svæðisbundin og hvaða verkefni væru stjórnar.

Þjóðlendum:

Nefndin ræddi, og að miklu máli skipti að fjallað yrði um ákvörðunarrétt á þjóðlendum í lögum, þ.e.a.s. að skrifað væri í lögum hvar ákvarðanavaldið, t.d. varðandi leyfisveitingar lægi. Nefndin telur að innan þjóðgarðs þá þurfi svæðisráð að hafa mikið að segja um notkun og meðferð þjóðlenda. Einnig kom fram að mikilvægt væri m.t.t. ákvarðana í þjóðgarði, að hafa í huga að þjóðlendum varði alla þjóðina.

Samanburður:

Nútíð-framtíð: Fram kom í umræðum að nauðsynlegt væri að í áliti nefndarinnar verði dregið fram með skýrum hætti fyrirkomulag og umsjón þess svæðis sem um ræðir fyrir stofnun miðhálandisþjóðgarðs (þjóðlendum og friðlýst svæði á miðhálandinu). Þannig verði samanburður auðveldaður. Nefndin ákvað um að nánari útfærsla lagafrumvarps um miðhálandisþjóðgarðs, bæði form frumvarpsins og framsetning, sem og einstök efnisatriði yrðu áfram til umræðu á næsta fundi nefndarinnar. Verkefnastjóra og formanni falið að vinna með þessar áherslur áfram og leita eftir atvikum samráðs við sérfræðinga umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

3. Önnur mál

- (a) Formaður kynnti fyrir séða seinkun á skilum skýrslu nefndarinnar. Í ljósi þess hve erfiðlega hefur gengið að ná saman nefndarfundum síðustu vikur hefur þurft að seinka umfjöllun um síðustu verkþætti sem nemur þessum tögum. Miðað við eðlilega framvindu á næstunni er líklega að skil gætu orðið í nóvembermánuði. Formaður hefur tilkynnt umhverfis- og auðlindaráðuneyti þetta og óskað eftir fresti.
- (b) Ákveðið var að næsti fundur nefndar yrði 24. september 2019.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:05.